

blettur í myrkrinu, nákvæmlega eins og hann hafði gert fyrir mörgum árum, er hann stóð undir honum og horfði á hann; eitt hornið á gluggablejunni lyftist upp og féll niður aftur, eins og þegar hann stóð þar forðum og hrópaði upp í loftið í vandræðum sínum. Missýningin varaði að eins augnablik; en hún dró úr honum kjark. Hann strauk hendinni um augun og horfði á húsíð og út í náttmyrkrið. Á meðan hann stóð þar, og honum fannst hann standa þar æði lengi, heyrði hann aftur hávaðann á veginum; hann leit við og sá ókunnugan mann koma gangandi yfir garðinn til sín. Eitthvað, sem líktist stórum vagni, var sjáanlegt á veginum á bak við ókunnuga manninn, og lengra í burtu topparnir á nokkrum dökkleiturum furutrjám, líkt og fjaðraskúfar.

„Vilhjálmur, veitingamaður?“ spurði sá aðkomni fljótt og skilmerkilega.

„Ég er hann“, svaraði Vilhjálmur. „Get ég gert nokkuð fyrir þig?“

„Ég hef heyrt margt um þig, herra Vilhjálmur,“ svaraði hinn, „margt og gott. Og þó ég hafi meira en nóg að gera, langar mig til að drekka eina flösku af víni með þér í laufskálanum þínum. Ég mun segja þér hver ég er áður en ég fer.“

Vilhjálmur gekk á undan til laufskálans. Hann náði í lampi og kveikti ljós, og tók síðan tappann úr flösku. Hann var ekki algerlega óvanur við þess konar heimsóknir, og hann gerði sér ekki vonir um að þessi mundi verða á nokkurn hátt merkileg. Því hann hafði oft orðið fyrir vonbrigðum. Hugsun hans var hálf sljóf og hann veitti því enga eltirtekt hvað tíminn var óvanalegur fyrir gesti að koma. Hann var eins og maður sem er gengur í svefni. Ljósið lifnaði og tappinn kom úr flöskunni með óvenjulegum hraða, eins og það væri hugsað en ekki gert. Samt langaði hann til að sjá framan í gestinn og reyndi að láta ljósið falla á andlit honum; en annaðhvort fór hann klaufalega með lampann eða það var móða fyrir augunum á honum; hann sá lítið meira en skugga við borðið. Hann starði á þennan skugga meðan hann þurkaði glösin, og hann hafði einkennilega ónóta tilfinningu fyrir hjartanu. Þögnin lá á honum eins og